

Mál nr. 422/2015

**M og
váttryggingafélagið V v/ kaskótryggingar ökutækis.**

Ekið í holu 30. október 2015.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 16.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 26.11.2015 ásamt gögnum, tjónstilkynningu, lýsingu tjónþola á atviki, höfnunarbréfi V og myndum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á hjólbörðum og felgu á bifreið M þegar bifreiðinni var ekið í holu á malbikuðum Þrengslavegi þann 30. október sl. M krefst bóta úr kaskótryggingu bifreiðar sinnar og telur að skilyrði séu til greiðslu bóta.

V vísar til undanþáguákvæða í gr. 3.5 og 3.6. í váttryggingarskilmálum kaskótryggingar ökutækis þar sem komi annars vegar fram að V bæti ekki tjón sem verða á hjólbörðum og felgum þegar ökutæki rekst niður í akstri í holur í vegi eða götubrúnir. Tjón M falli því utan váttryggingaverndar kaskótryggingar hjá V.

Álit.

Í málinu er ágreiningslaust að bifreið M var ekið ofan í holu malbiki í kanti Þrengslavegar og hlaust af því tjón á hjólbörðum og felgum bifreiðarinnar. Gildisvið kaskótryggingar V nær skv. gr. 2.4. í váttryggingarskilmálum til hvers kyns tjóna á hinu váttryggða ökutæki sem verða vegna skyndilegra og óvæntra, utanaðkomandi atvika en þó með þeim undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálunum. Í grein 3.5. kemur fram að váttryggingin bæti ekki tjón á hjólbörðum og felgum þegar ökutæki rekst niður í akstri m.a. vegna hola í vegum. Í gr. 3.6. kemur síðan fram að váttryggingin bæti ekki skemmdir á dekkjum eða felgum sem stafi af því að reka dekk eða felgur í hvers kyns götubrúnir. Af lýsingum á tjónsatburði verður ekki annað ráðið en að tjón á bifreið M hafi átt sér stað með því að henni hafi verið ekið í holu í vegi og tjón hafi orðið á dekkjum og felgum. Telst V því hafa sýnt fram á að skilyrði umræddra undanþáguákvæða séu uppfyllt og á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.